

Birtist í Morgunblaðinu, 21. mars 2006.

Arðsemi virkjana og orkuverð til stóryðju

Jón Steinsson

Margir hafa dregið arðsemi virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar í efa á undanförunum árum. Jafnvel þeir sem bera engar tilfinningar til náttúrunnar geta flestir sammælt um að það sé óskynsamlegt að ríkið niðurgreiði rekstur stóryðju með lágu orkuverði. Friðrik Sóphusson, forstjóri Landsvirkjunar, svarar slíkri gagnrýni á þann veg að arðsemi framkvæmdanna sé um 11% sem sé svipað því sem gengur og gerist í framkvæmdum af þessu tagi annars staðar í heiminum.

Friðrik á vitaskuld hagsmuna að gæta og arðsemisútreikningar af þessu tagi byggja á alls kyns flóknum forsendum. Það er því eðlilegt að orð Friðriks um arðsemi virkjanaframkvæmdanna séu dregin í efa. Því miður hafa hlutlausir aðilar ekki tók á því að leggja sjálfstætt mat á arðsemi virkjananna þar sem samningar Landsvirkjunar um verð til stóryðju hafa ekki verið gerðir opinberir. Þessi skortur á upplýsingum hefur mjög háð umræðunni um ágæti stóryðjustefnu stjórnvalda.

En segjum sem svo að það sé rétt sem Friðrik segir að arðsemi virkjananna sé um 11%. Það svarar alls ekki þeirri spurningu hvort stjórnvöld séu að niðurgreiða rekstur stóryðju. Svárið við þeirri spurningu ræðst af orkuverðinu í samanburði við orkuverð annars staðar í heiminum. Arðsemi virkjananna getur verið mjög mikil þrátt fyrir lágt orkuverð í samanburði við önnur lönd ef kostnaðurinn við að framleiða orku á Íslandi er mun lægri en annars staðar.

Kostnaður Saudi Araba við að framleiða olíu er talinn vera um það bil \$2 á tunnu. Kostnaður Norðmanna við olíuframleiðslu í Norðursjó er margfalt meiri. Heimsmarkaðsverð á olíu er um \$60 á tunnu. Segjum sem svo að olíumálaráðherra Saudi Araba semji við olíurisa frá Vesturlöndum um sölu á olíu fyrir \$4 á tunnu. Eftir mikla gagnrýni kemur ráðherrann í fjölmiðla og réttlætir samninginn með þeim rökum að arðsemi af olíuframleiðslu í Saudi Arabíu sé mjög sambærileg við það sem gengur og gerist annars staðar í heiminu, svo sem í Noregi.

Röksemdafærsla Friðriks Söphussonar er á svipuðum nótum og röksemdafærsla olíumálaráðherra Saudi Araba í dæmisögunni hér að ofan. Viðunandi arðsemi er vitaskuld forsenda fyrir því að skynsamlegt sé að ráðast í byggingu virkjana. En viðunandi arðsemi er ekki nóg. Almennigur á einnig kröfu á stjórnvöld um að þau selji ekki náttúruauðlindir þjóðarinnar á útsöluverði til þess að niðurgreiða stóryðju í ákveðnum kjördæmum.